

REGLUR

um breytingu á reglum um sérfræðileyfi tannlækna nr. 402/1986 með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. gr. bætist við nýr tölul. sem verður 10. tölul. og orðast svo:
10. samfélagstannlækningum.

2. gr.

II. tölul. 5. gr. orðast svo:

- a) Sérnámi í tannlækningum skal eigi taka skemmri tíma en fulla 30 námsmánuði.
- b) Umsækjandi um sérfræðileyfi skal hafa stundað sérnám við viðurkennda menntastofnun og skal hafa lokið námi og uppfyllt þær kröfur, sem gerðar eru á hverjum tíma við viðkomandi stofnun. Að öllu jöfnu skal sérnám vera a.m.k. 10 námsmánuðir á hverjum stað. Hafi umsækjandi lokið 20 námsmánaða sérnámi er heimilt að taka til greina til viðbótar 10 námsmánaða nám eða störf í sérgrein við sömu eða aðrar viðurkenndar menntastofnanir eða hjá viðurkenndum sérfræðingi í greininni, en þó ekki skemur en 3 námsmánuði á hverjum stað.

3. gr.

VI. tölul. 5. gr. orðast svo:

Umsækjandi um sérfræðileyfi skv. 1. gr. í samfélagstannlækningum og sýklafræði skal leggja fram ritgerðir, tvær eða fleiri, sem birst hafa í viðurkenndu sérfræðitímariti.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 5. gr. laga nr. 38/1985, um tannlækningar og öðlast gildi nú þegar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. febrúar 2001.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um geislafræðinga.

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem geislafræðingur hér á landi og kalla sig geislafræðing hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. grein má aðeins veita þeim, sem lokið hefur prófi í geislafræði frá Tækniskóla Íslands. Einnig má veita þeim leyfi, sem lokið hefur hliðstæðu námi erlendis, sé námið viðurkennt sem slíkt af heilbrigðisfyrirvöldum þess lands þar sem námið var stundað. Áður en leyfið er veitt samkvæmt þessari málsgrein skal leita umsagnar landlæknis og félags geislafræðinga á Íslandi.